



Starfsskýrsla 2018

Handknattleiksdeild
Aftureldingar



Starfsskýrsla 2018

Efnisyfirlit

1 Stjórn deildar

2 Frá Barna og unglingaráði

3 Frá yfirþjálfara

4 Meistaraflokkur karla

5 Meistaraflokkur kvenna

6 Þjálfarar

7 Landsliðsfólk 2018

8 Íþróttakona og íþróttamaður handknattleiksdeildar 2018

9 Frá formanni

Skýrslan er lögð fram á aðalfundi handknattleiksdeildar Aftureldingar 28. mars 2019.

Umbrot og hönnun:

Anna Reynis

Höfundar efnis:

Atli Viðar Bragason

Bernharð Eðvarðsson

Einar Andri Einarsson

Erla Dögg Ragnarsdóttir

Hannes Sigurðsson

Haukur Sörli Sigurvinsson

Allar myndir í skýrslunni eru teknar af FB síðu handknattleiksdeildar.

Stjórn 2018-2019

Stjórn deildar



Hannes
Sigurðsson
formaður



Bjarki Sigurðsson
varaformaður



Ólafur Hilmarsson
ritari



Anna Reynis
meðstjórnandi



Bernharð
Eðvarðsson
meðstjórnandi



Erla Dögg
Ragnarsdóttir
meðstjórnandi



Haukur Sörli
Sigurvinsson
meðstjórnandi

Barna- og unglingaráð

Bernharð Eðvarðsson - formaður
Atli Viðar Bragason - ritari
Eva Dís Sigrúnardóttir - meðstjórnandi
Sigurður Valur Fjeldsted - meðstjórnandi

Meistaraflokksráð karla

Haukur Sörli Sigurvinsson -
formaður
Hlynur Þrastarson - gjaldkeri
Leifur Guðjónsson - ritari
Björgvin Björgvinsson
Ingimundur Helgason
Guðmundur Birgisson
Einar Bragason

Guðmundur Ásgeirsson
Jón Andri Finnson
Friðrik Fannar Sigfússon
Gylfi Már Ágústsson
Jóhannes Jóhannesson
Haukur Nielsson
Hilmar Gunnarsson

Meistaraflokksráð kvenna

Erla Dögg Ragnarsdóttir -
formaður
Guðfinna Árnadóttir - gjaldkeri
Svava Ýr Baldvinsdóttir -
meðstjórnandi
Íris Sigurðardóttir -
meðstjórnandi

Elísabet Jóhannsdóttir
Lilja Jónsdóttir
Raggi Óla
Anna Ólöf
Ívar Einarsson
Sverrir Hermann
Pálmarsson
Guðmundur H Bragason
Sigurður Hansson
Sigurjón Gunnlaugsson
Ragnheiður Jóhannsdóttir

Sigurbjörg Kristjánsdóttir
Þorvaldur Einarsson
Elísa Henny Arnadóttir
Alda Kristinsdóttir

Frá Barna og unglíngaráði

Handboltaveturinn 2018-2019 hefur einkennst af öflugu starfi, framförum iðkenda og sætum sigrum í yngri flokkum Aftureldingar. Barna- og unglíngaráð (BUR) lagði strax áhersla á það í undirbúningi fyrir veturinn að ráða inn reynslumikla þjálfara en um leið að gefa nýjum og efnilegum þjálfurum tækifæri á að sýna sig og sanna undir handleiðslu Einars Andra Einarssonar yfirþjálfara yngri flokka. Eitt af markmiðunum sem BUR setti sér var að fá inn íþróttfræðinga til að stýra yngstu iðkendunum í 8. flokki karla og 7-8. flokki kvenna. Íþróttfræðingarnir Ólafur Snorri Rafnsson og Bergvin Gísli Guðnason voru ráðnir til starfa en báðir starfa þeir sem íþróttakennarar við grunnskóla. Sú ákvörðun hefur átt þátt sinn í töluverðri fjölgun iðkenda í fyrrnefndum flokkum.

Í febrúar 2019 voru 274 iðkendur í yngri flokkum deildarinnar samanborið við 211 á síðasta tímabili. Hluti af fjölgun iðkenda í vetur kom í kjölfarið á auglýsingum í bæjarblaðinu Mosfellingu og á heimasíðu félagsins þar sem nýjir iðkendur voru hvattir til að koma og æfa án skuldbindinga á meðan á Heimsmeistarakeppninni í handbolta stóð. Fjölmennasti flokkurinn í vetur er 7. flokkur drengja undir stjórn Einars Andra Einarssonar en þar eru 54 drengir skráðir.

Barna- og unglíngaráð hélt þrjú yngri flokka mót HSÍ á tímabilinu. Fyrsta mótið var haldið fyrir 8. flokk kvenna og karla að Varmá helgina 26.-28. október. Alls tóku um 400 krakkar þátt frá 13 félögum. Hjá mörgum var um að ræða fyrsta handboltamótið sem þau keppa á. Afturelding sendi sjö drengjalið og tvö stúlknalið til keppni og stóðu krakkarnir sig frábærlega. Annað mótið var haldið fyrir 5. flokk kvenna eldra ár helgina 16-18. nóvember. Keppt var í fimm deildum þar sem Afturelding sendi tvö lið til leiks. Þriðja og síðasta mótið var síðan haldið helgina 22.-24. mars 2019 fyrir 5. flokk karla eldra ár. Mótin hafa gengið mjög vel og BUR fundið fyrir ánægju meðal iðkenda, aðstandenda þeirra, mótastjóra HSÍ sem og starfsmanna íþróttamiðstöðvar. Til þess að mótin gangi vel þarf að stóla á góða samvinnu sem og stuðning ýmissa aðila. Dómarar í leikjum eru allra jafna leikmenn meistaraflokks karla og kvenna. Þá hafa krakkar úr 4. og 5. flokki mannað ritaraborð og verið félaginu til sóma auk þess sem foreldrar iðkenda hafa aðstoðað í sjoppu. Aðstoð þessara aðila er okkur mikils virði og hluti af því mótin ganga vel fyrir sig. Mótin eru ein helsta fjáröflun BUR á hverjum vetri. Leitað hefur verið til fyrirtækja til þess að styrkja kaup á vörum fyrir sjoppuna sem og á verðlaunapeningum. Eftirtalin fyrirtæki hafa styrkt okkur í vetur: MS, Ölgerðin, Grillmarkaðurinn og Sleggjan.

Barna- og unglíngaráð hefur lagt áherslu á það undanfarin tvö ár að snúa rekstrinum við með miklu aðhaldi og sýnt skynsemi í öllum fjárútlátum í góðri samvinnu við aðalstjórn Aftureldingar. Rekstur deildarinnar hefur gengið vel í vetur. Þar munar töluvert um nýgerðan samning við Byggingafélagið Bakka sem verður aðalstyrktaraðili BUR. Að auki hefur MP Verk stutt vel við bakið á starfinu. Markmið okkar verður að halda áfram uppbyggingu yngri flokka deildarinnar, ráða til okkar öfluga þjálfara og vera þannig í stakk búin til að taka vel á móti eldri sem og nýjum iðkendum á næsta ári. Vonir eru bundar við það að ná 300 iðkendum á næsta tímabili.

Með baráttukveðju,

Stjórn Barna og unglíngaráðs



Morenot Ísland ehf



Frá yfirþjálfara

Yngri flokkarnir í handboltanum hjá Aftureldingu eru í miklum blóma þessi misserin. Mikil aukning er í fjöldi iðkenda sem æfa hjá afar færum þjálfurum deildarinnar. Öflugt unglingaráð er svo við stjórnvölin sem gerir það að verkum að starfið er afar öflugt.

Eins og fyrr segir eru mjög færir og reynslumiklir þjálfarar hjá félaginu. Nægir þar að nefna Sigrúnu Másdóttur, Bjarka Sigurðsson, Þorkel Guðbrandsson og Ingimund Helgason auk þess sem við fengum til liðs við okkur íþróttakennarana Ólaf Snorra Rafnsson og Bergvin Gísla Guðnason í þjálfun yngstu flokkana sem hefur skilað frábærum árangri og endurspeglast í gríðarlegri fjölgun í þessum flokkum. Auk þessara þjálfara erum við með unga og efnilega þjálfara sem eru og munu gera góða hluti í framtíðinni.

Afturelding starfrækir líkt og síðustu ár handboltaakademíu í samstarfi við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Undirritaður Einar Andri Einarsson stýrir henni og styrktarþjálfari er Gunnar Malmquist.

Margir efnilegir iðkendur eru innan raða félagsins og einnig eigum við mörg lið í fremstu röð. Hlúa þarf vel að öllum flokkum bæði karla og kvenna megin og setja enn meiri kröfur á þjálfara og félagið að búa til gott umhverfi til þess að þessir krakkar og lið blómstri og dafni. Efniviðurinn er til staðar og metnaðurinn í félaginu líka.

Líkt og síðustu ár hafa verið haldin námskeið fyrir yngri flokka fyrir þá sem vilja bæta sig enn frekar í sinni íþrótt.

Ekki er hjá komist að hrósa bæjaryfirvöldum fyrir þá ákvörðun að skipta um gólf á íþróttahúsinu í Varmá. Þessi ákvörðun mun styrkja starfið okkar og hjálpa okkur enn frekar við að hlúa að okkar unga fólki og hjálpa þeim að ná markmiðum sínum.

Einar Andri Einarsson yfirþjálfari



ÍSTEX

Meistaraflokkur karla

Tímabilið 2017 - 2018 telfdi Afturelding fram sterku liði í Ólísdeild karla líkt og síðustu ár. Þjálfarateymi Aftureldingar var skipað þeim Einari Andra Einarssyni þjálfara, Daða Hafþórssyni aðstoðarþjálfara, Pálmari Péturssyni markmannsþjálfara og Rúnu Björg styrktarþjálfara. Þeir Lárus Helgi Ólafsson, Kolbeinn Aron Ingibjargarson, Þorgrímur Smári Ólafsson og Einar Ingi Hrafnsson gengu til liðs við Aftureldingu. Frá félaginu fóru þeir Davíð Svansson, Þrándur Gíslason, Kristófer Fannar Guðmundsson, Guðni Már Kristinsson og Jóhann Jóhannsson. Gengið á tímabilinu var misjafnt. Eftir erfiða byrjun náði liðið ágætist gengi og endaði í 5 sæti deildarinnar en datt út í úrslitakeppninni gegn FH.

Fyrir keppnistímabilið 2018 - 2019 voru einnig talsverðar breytingar á liðið Aftureldingar. Daði Hafþórsson og Rúna Björg hættu störfum hjá Aftureldingu eftir 4 ára starf. Er þeim þakkað frábær störf fyrir félagið. Í stað þeirra var Ásgeir Jónsson ráðinn sem aðstoðarþjálfari auk þess sem Guðjón Örn var ráðinn sem styrktarþjálfari. Pálmar Pétursson er svo spilandi markmannsþjálfari. Einnig voru töluverðar breytingar á leikmannahópi. Pétur Júníusson þurfti að leggja skóna á hilluna eftir erfið meiðsli. Mikk Pinnonen fór til Ítalíu. Ernir Hrafn lagði skóna á hilluna. Sturla Magnússon og Finnur Ingi Stefánsson gengu til liðs við UMFA eftir að Pétur þurfti að hætta og Finnur kom inn þegar Gestur Ólafur Ingvarsson sleit krossband á undirbúningstímabili. Auk þeirra komu Arnór Freyr Stefánsson, Tumi Steinn Rúnarsson og Emils Kurzminesk. Liðinu hefur gengið ágætlega á tímabilinu og er sem stendur í 5 sæti deildarinnar.

Haukur Sörli Sigurvinsson - formaður meistaraflokksráðs karla



Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna hefur verið í mikilli uppbyggingu í vetur og er skemmst frá því að segja að árangurinn hefur verið frábær. Eftir tímabilið 2017-2018 sat liðið í neðsta sæti 1. deildar með aðeins 7 stig, en í dag er það efst með 29 stig þegar þrjú leikir eru eftir í deildinni. Í bikarkeppninni sló olísdeildarlið KA/Þórs okkar stelpur naumlega út í 16 liða úrslitum, eftir æsispennandi leik þar sem munurinn var aðeins eitt mark að lokum.

Þjálfarateymið er skipað þeim Haraldi Þorvarðarsyni og Árna Braga Eyjólfssyni aðstoðarþjálfara. Auk þeirra hefur Pálmar Pétursson komið að þjálfun markvarða og Margrét verið sjúkraþjálfari liðsins.

Í haust fékk liðið góðan liðsstyrk þegar Kristín Arndís Ólafsdóttir kom á lánsamning frá Val, Ástrós Anna Bender kom frá Danmörku, Þóra Guðný Arnarsdóttir frá Gróttu og að lokum kom Kiyo Inage einnig frá Val. Telma Rut Frimannsdóttir, Magnea Svansdóttir og Birgit Bylow Hybschmann hættu vorið 2018 og Ásta Margrét Jónsdóttir sl áramót. Nú á vormisseri eru Íris Kristín Smith og Andrea Ósk Þorkeldsdóttir að koma aftur eftir barnsburð og Sara Lind Stefánsdóttir eftir meiðsli en Selma Rut Sigurbjörnsdóttir er komin í pásu vegna barnsburðar. Þá má nefna að ungir leikmenn hafa verið að koma sterkir inn í hópinn og eru að eflast og undirbúa sig fyrir stærri hlutverk í vaxandi liði.

Strax í fyrra vor fór Haraldur þess á leit við meistaraflokksráðið að það yrði styrkt og styddi betur við liðið. Skipt var um stjórn á miðjum vetri þar sem Þorvaldur Einarsson baðst lausnar vegna fæðingarorlofs. Ný stjórn tók því við um áramótin, sem er skipuð þeim Erlu Dögg Ragnarsdóttur formanni, Svövu Ýr Baldvinsdóttur og Írisi Sigurðardóttur meðstjórnendum og Guðfinnu Ármannsdóttur sem er áfram gjaldkeri. Þeim til halds og trausts er gott bakland fólks sem tók áskorun um að efla starfið vel og hefur liðið fundið vel fyrir aukinni aðkomu þess m.a. með því að því og þjálfurum hefur verið boðið upp á mat og samveru eftir heimaleiki. Þykir okkur það framtak m.a. hafa ýtt undir góðan liðsanda, sem skiptir sköpum í þeirri uppbyggingu sem er í gangi. Þá hefur umgjörð og vinna við heimaleiki styrkst með því að deila ábyrgð og vinnu á fleiri hendur.

Markmið liðs, þjálfara og meistaraflokksráðs eru háleit, þar sem stefnt er að góðum árangri með auknum vexti og styrk í kvennahandboltanum í Mosfellsbæ.

Erla Dögg Ragnarsdóttir formaður



REYKJABÚIÐ HF.

Þjálfarar

Meistaraflokkur karla		Meistaraflokkur kvenna	
<i>Þjálfari</i>	Einar Andri Einarsson	<i>Þjálfari</i>	Haraldur Þorvarðarson
<i>Aðstoðarþjálfari</i>	Ásgeir Jónsson	<i>Aðstoðarþjálfari</i>	Árni Bragi Eyjólfsson
3. flokkur karla		3. flokkur kvenna	
<i>Þjálfari</i>	Bjarki Sigurðsson	<i>Þjálfari</i>	Haraldur Þorvarðarson
<i>Aðstoðarþjálfari</i>	Kristinn Hrannar Bjarkason		
4. flokkur karla		4. flokkur kvenna	
<i>Þjálfari</i>	Elvar Ásgeirsson	<i>Þjálfari</i>	Árni Bragi Eyjólfsson
<i>Aðstoðarþjálfari</i>	Hilmar Ásgeirsson	<i>Aðstoðarþjálfari</i>	Þóra Guðný Arnarsdóttir
5. flokkur karla		5. flokkur kvenna	
<i>Þjálfari</i>	Þorkell Guðbrandsson	<i>Þjálfari</i>	Sigrún Másdóttir
<i>Aðstoðarþjálfari</i>	Hilmar Ásgeirsson	<i>Aðstoðarþjálfari</i>	Gestur Ólafur Ingvason
6. flokkur karla		6. flokkur kvenna	
<i>Þjálfari</i>	Ingimundur Helgason	<i>Þjálfari</i>	Þóra Guðný Arnarsdóttir
<i>Aðstoðarþjálfari</i>	Tumi Steinn Rúnarsson	<i>Aðstoðarþjálfari</i>	Eva Dís Sigurðardóttir
7. flokkur karla		7. - 8. flokkur kvenna	
<i>Þjálfari</i>	Einar Andri Einarsson	<i>Þjálfari</i>	Bergvin Gísli Guðnason
<i>Aðstoðarþjálfari</i>	Agnar Ingi Rúnarsson	<i>Leiðbeinandi</i>	Kolbrún Elva Lárusdóttir
<i>Aðstoðarþjálfari</i>	Valur Þorsteinsson	<i>Leiðbeinandi</i>	Lára Ívarsdóttir
8. flokkur karla		<i>Styrktarþjálfun</i>	Gunnar Malmquist Þórsson
<i>Þjálfari</i>	Ólafur Snorri Rafnsson	<i>Yfirþjálfari</i>	Einar Andri Einarsson
<i>Aðstoðarþjálfari</i>	Íris Dögg Gunnarsdóttir		
<i>Leiðbeinandi</i>	Jón Þór Aðalsteinsson		



SUBWAY



Oddsmýri ehf.

Landsliðsfólk 2018

U -20

Póra Guðný Arnardóttir

U-19

Tumi Steinn Rúnarsson

Póra María Sigurjónsdóttir

Björgvin Franz Björgvinsson

Egill Már Hjartarson

Eva Dís Sigurðardóttir

U-18

Ágúst Atli Björgvinsson

Kristófer Karlsson

U-17

Brynjar Vignir Sigurjónsson

Anna Katrín Bjarkadóttir

Úlfhildur Tinna Lárusdóttir

Hæfileikamótun HSÍ

Arnar Daði Jóhannesson

Júlíus Valdimar Guðjónsson

Ásta Karen Stefánsdóttir

Eva Malen Orellana

Nanna Björt Ívarsdóttir

Svana Karen Kristjánsdóttir

BLACKBOX



Íþróttakona og íþróttamaður handknattleiksdeildar 2018

Þóra María Sigurjónsdóttir



Annað árið í röð er Þóra María íþróttakona handknattleiksdeildar. Þóra er fædd árið 2000 en þrátt fyrir ungan aldur þá hefur hún verið lykilleikmaður meistaraflokks kvenna undanfarin ár sem leikstjórnandi liðsins

Þóra er mjög metnaðarfull og þroskaður leikmaður og leggur sig alltaf 110% fram sem gerir hana að draum hvers þjálfara. Þóra hefur verið valin í lokahóp allra unglingslandslíða frá því hún náði aldri til og spilað á mörgum alþjóðlegum mótum. Þóra María var valin í U20 ára landslið kvenna á árinu 2018.

Þóra hefur alla burði til þess að ná langt í handboltanum og höfum við við fulla trú á því að hún geti náð öllum sínum markmiðum, hún er enn mjög ung sem gefur henni nægan tíma til þess að halda áfram að þroskast og bæta sig sem leikmaður. Ef hún heldur áfram á þessari braut verður hún framtíðar leikmaður í A landsliði kvenna.

Þóra María er yngri iðkendum félagsins mikil og góð fyrirmynd og er því vel að því komin að vera íþróttakona handknattleiksdeildar Aftureldingar 2018.

Elvar Ásgeirsson



Eins og Þóra er Elvar annað árið í röð valinn íþróttamaður handknattleiksdeildar. Elvar er fæddur árið 1994 og hefur leikið allan sinn feril með Aftureldingu. Elvar hóf ungur að leika með Aftureldingu og er nú að leik sína sjöundu leiktíð með meistaraflokki karla.

Elvar einn af lykilleikmönnum liðsins bæði í vörn og sókn og í stöðugri framför.

Síðustu ár hefur Elvar verið valinn í úrvalshóp HSÍ sem skipað er þeim leikmönnum sem hugsaðir eru sem framtíðarmenn Íslenska landsliðsins.

Elvar er mjög sterkur karakter og afar mikilvægur hlekkur bæði innan sem utan vallar.

Þá má einnig nefna að Elvar sinnir þjálfun hjá yngri flokkum handknattleiksdeildar við góðan orðstýr og er mikil og góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendum félagsins.

Elvar er því vel að því komin að vera íþróttamaður handknattleiksdeildar Aftureldingar 2018.



Frá formanni

Starfsárið hjá handknattleiksdeild Aftureldingar hefur verið farsælt og hefur umgjörðin í kringum starfið vaxið mikið á tímabilinu. Deild stjórnarinnar skipa þau Hannes Sigurðsson formaður, Bjarki Sigurðsson varaformaður, Ólafur Hilmarsson ritari og Anna Reynis meðstjórnandi. Auk þeirra sitja í stjórn deildarinnar þau Haukur Sörli Sigurvinsson fyrir hönd Meistaraflokksráð karla, Erla Dögg Ragnarsdóttir fyrir hönd Meistaraflokksráðs kvenna og Bernharð Eðvarðsson fyrir hönd Barna- og unglíngaráðs.

Á starfsárinu hefur verið unnið í að móta skipulag og verkskiptingu innan stjórnar auk þess sem undirbúningsvinna fyrir stefnumótun deildarinnar er hafin. Vonir eru bundnar við að hægt verði að hefja stefnumótunarvinnu innan tíðar. Einnig hefur verið unnið í að styrkja stjórnir og starf meistaraflokkanna og styrkja rekstur ráðanna.

Eitt stærsta mál tímabilsins hjá stjórn handknattleiksdeildarinnar var fylgja eftir kröfu síðustu ára um að gólfefni á íþróttasölum 1 og 2 að Varmá yrðu endurnýjað. Í dag er í sölunum dúklagt gólf á grind sem hefur staðið frá því að íþróttahúsið var tekið í notkun árið 1998. Óskað var eftir að lagt yrði gegnheilt parket á fjaðrandi grind í samræmi við minnisblað sem Afturelding lagði fyrir bæjarráð. Til mikillar ánægju hefur bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkt að auglýsa útboð á endurnýjun gólfefnisins og verður skipt um gólf í sumar.

Helstu verkefni á komandi tímabili verða að halda áfram að styrkja stoðir deildarinnar, efla starf ráðanna og fylgja eftir því öfluga starfi sem hefur verið unnið á yfirstandandi tímabili. Einnig að halda áfram að efla samheldni þeirra sem mynda okkar sterka hóp, bæði í innra og ytra starfi.

Í innra starfinu hafa leikmenn eldri flokka styrkt starf yngri flokkanna með því að taka að sér dómgæslu í heimaleikjum og á HSÍ mótum á vegum BUR, auk þess að taka þátt í uppskeruhátíð yngri iðkenda á vorin. Þessir aðilar eru fyrirmyndir í okkar starfi sem yngri iðkendur líta upp til. Einnig hafa foreldrar tekið að sér sjálfböðavinnu í kringum þá viðburði sem hafa farið fram á vegum deildarinnar og innan flokkanna. Án þessara aðila væri rekstur deildarinnar ekki mögulegur.

Sama á við um ytra starfið. Án stuðningsmanna okkar værum við ekki á þeim stað sem við erum í dag. Nýlega var stofnaður styrktarklúbbur handknattleiksdeildar Aftureldingar. Ber klúbburinn nafnið Rothöggið. Tilgangur klúbbsins er fyrst og fremst til að standa og styðja við bakið á handknattleik í Aftureldingu, bæði afreksstarf meistaraflokkanna sem og starf yngri flokka félagsins. Vonin er að til verði öflugt stuðningsnet fólks sem vill sjá handknattleik í Aftureldingu þróast og eflast um ókomin ár.

Stjórn Handknattleiksdeildarinnar vill þakka öllum þjálfurum, iðkendum, sjálfböðaliðum og styrktaraðilum fyrir sitt framlag á tímabilinu. Saman hefur þessi hópur myndað öfluga liðsheild sem hefur átt stóran hluti af því öfluga og farsæla starfi sem unnið hefur verið á tímabilinu. Án ykkar væri þetta ekki hægt.

Áfram Afturelding!

Hannes Sigurðsson

Formaður Handknattleiksdeildar.



© Björgvin Franz Björgvinsson



 **SPÍSSAR EHF**

VínylParquet